

STEFNA SKIPULAGSNEFNDAR 2014-2018

INNGANGUR

Sýn skipulagsnefndar og meginmarkmið á kjörtímabilinu byggir á leiðarljósi gildandi aðalskipulags, en áherslan er á sátt um útfærslu samþykktra skipulagshugmynda, skilvirka afgreiðslu erinda og opna stjórnsýslu. Skipulagsnefnd mun vinna að þéttingu byggðar með áherslu á grænar lausnir, margskonar atvinnustarfssemi og fjölbreytta samgöngumáta.

VERKEFNI Á KJÖRTÍMABILINU:

- Endurskoðun á aðalskipulagi Akureyrar
- Áhersla á uppbyggingu miðbæjarins
- Heildarskipulag Oddeyrarinnar og áframhaldandi deiliskipulagning hverfa bæjarins
- Frágangur útivistarsvæðis við ósa Glerár
- Framtíðarsvæði skilgreint fyrir kirkjugarða Akureyrar
- Tenging göngustígakerfis við þéttbýliskjarna í nágrannasveitarfélögum og við fólkvanginn á Glerárdal
- Endurskoðun á reglum um lóðarveitingar
- Endurskoðun á gjaldskrá gatnagerðargjalda
- Endurskoðun á reglum um útimarkaði og sölutjöld
- Leiða vinnu við gerð samgöngustefnu Akureyrarbæjar
- Raforkuflutningur þvert yfir Eyjafjörð taki tillit til flugöryggis, íbúabyggðar og fólkvangs á Glerárdal

ÁHERSLUR:

- Virkja bæjarbúa til þátttöku í mótun skipulags með auknu samráði og gagnsæi við vinnslu skipulagsmála
- Aukin samvinna við nefndir Akureyrarbæjar og veitufyrirtæki um framkvæmd skipulagsmála
- Skipulag þjóni öllum íbúum
- Sjálfbærni sem leiðarstef við skipulagsgerð í samræmi við staðardagskrá 21.
- Þétting byggðar við endurskipulagningu eldri hverfa þar sem því verður komið við
- Vistvænar samgöngur og öryggi gangandi og hjólandi vegfaranda í forgang í skipulagi, t.a.m. með áframhaldandi uppbyggingu göngu- og hjóltreiarstíga
- Að tryggt verði nægt framboð fjölbreyttra íbúða- og atvinnuhúsaloða á hverjum tíma
- Hafnarsvæði Akureyrar er ein af lífæðum bæjarins
- Nýta og skilgreina betur hlutverk opinna svæða
- Fjölga matjurtagörðum í nágrenni íbúðasvæða

Akureyri 12. nóvember 2014
Skipulagsnefnd Akureyrarbæjar